



Borgarráð

Reykjavík, 20. ágúst 2024  
MSS24080057

### **Tekjuskattsundanþága byggðasamlaga - Rekstrarform Sorpu**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða tillögu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 16. ágúst 2024, um að ljúka máli gagnvart ESA er varðar ríkisstyrk í formi tekjuskattsundanþágu. Tillagan felur í sér að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs. verði flutt í félag eða eftir atvikum félög með takmarkaðri ábyrgð.

Einar Þorsteinsson,  
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 16. ágúst 2024.

Greinargerð LMG lögmanna, dags. 1. júlí 2024. TRÚNAÐARMÁL



**Reykjavík**



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur  
Einar Þorsteinsson  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 16. ágúst 2024.  
Málsnr. 2309018  
PBG/HH

**Efni: Tekjuskattsundanþága byggðasamlaga–breytt rekstrarform efnahagslegrar starfsemi Sorpu bs.**

#### Tillaga:

Eftirfarandi tillaga er lögð fram til afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins:

*Í því skyni að ljúka máli gagnvart ESA (mál nr. 81738) er varðar ríkisstyrk í formi tekjuskattsundanþágu er lagt til að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs. verði flutt í félag eða eftir atvikum félag með takmarkaðri ábyrgð. Efnahagsleg starfsemi í þessu tilliti tekur til reksturs móttöku- og flokkunarstöðvar í Gufunesi, gas- og jarðgerðarstöðvar á Álfsnesi og urðunarstaðar á Álfsnesi. Tillögur um nánari útfærslu þessa munu liggja fyrir í upphafi árs 2025 en gert er ráð fyrir að innleiðingu verði lokið um áramótin 2025-2026. Vinnu stefnuráðs varðandi framtíðarstefnumótun Sorpu bs. og úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu er ólokið. Samþykkt framangreinds bindur ekki hendur eigenda við frekari stefnumótun, þ.á.m. varðandi breytingar á rekstrarformi Sorpu bs. kjósi þeir svo.*

#### Greinargerð:

Forsaga málsins er sú að nafnlaus ábending barst ESA árið 2018 um að SORPA nyti undanþágu frá tekjuskatti sem fæli í sér ríkisstyrk. ESA komst að þeirri niðurstöðu árið 2023 að undanþága 2. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES samningsins, að því marki sem um sé að ræða „efnahagslega starfsemi“ (e. economic activity). Að fengnu álitni lögmanna SORPU var fallist á það af hálfu stjórnar SORPU og íslenska ríkisins að mótmæla ekki þessari afstöðu ESA og að tekið skyldi upp samtal við stofnunina um leiðir til úrbóta.

Aftur voru lögmenn SORPU fengnir til að skila álitni um mögulegar leiðir til úrbóta og í kjölfarið lagði stjórn SORPU til við íslenska ríkið tvær mögulegar leiðir til úrbóta, þ.e. annars vegar breytingu á tekjuskattslöggjöf þannig að undanþáguákvæði næði ekki lengur til efnahagslegrar starfsemi SORPU og hins vegar að efnahagslega starfsemi SORPU yrði færð undan lagaákvæðinu og komið fyrir í félagi með takmarkaðri ábyrgð eigenda.

Ríkið hafnaði fyrri leiðinni og hefur eftir það verið unnið með þá leið að efnahagsleg starfsemi SORPU verði flutt í félag/félag með takmarkaðri ábyrgð. Í samtali við ESA hefur náðst sá sameiginlegi skilningur að efnahagsleg starfsemi SORPU felist í eftirfarandi þáttum:



- 1) Móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi.
- 2) Gas- og jarðgerðarstöð á Álfsnesi.
- 3) Urðunarstaður á Álfsnesi, hvað varðar nýja urðun

Öll önnur starfsemi SORPU fellur utan þess sem í þessu samhengi telst vera efnahagsleg starfsemi og þarf því ekki að breyta rekstrarformi hennar vegna afstöðu ESA. Sama á við um eignarhald á fasteignum og rekstrartækjum sem fallist er á að áfram megi vera hjá byggðasamlaginu SORPU.

Rétt er að áréttta sérstaklega að um er að ræða lágmarksbreytingar til að mæta afstöðu ESA. Ekkert í málaltilbúnaði ESA kemur í veg fyrir að eigendur SORPU geri aðrar breytingar á rekstrarformi SORPU kjósi þeir svo. Vinna stefnuráðs og SORPU varðandi framtíðarstefnumótun stendur enn yfir og reiknað er með að hún fari fram samhliða innleiðingu breytts rekstrarforms efnahagslegrar starfsemi.

Gert ráð fyrir að endanleg ákvörðun stjórnar ESA um viðeigandi aðgerðir til úrbóta fari fram í október 2024. Eftir það hafi SORPA tvö ár til innleiðingar. Vinnuhópur SORPU skipaður starfsmönnum og ráðgjöfum vinnur nú að greiningu á áhrifum niðurstöðu ESA og mati á valkostum við innleiðingu. Stefnt er að því að tillögur liggi fyrir í upphafi árs 2025. Gert er ráð fyrir aðkomu eigenda og stefnuráðs að ákvarðanatöku í því sambandi. Gera má ráð fyrir að þá gefist jafnframt gott færi á að skoða rekstur SORPU í stærra samhengi.

Málið hefur verið til umfjöllunar á 44., 46., 47. og 48. fundum eigendavettvangs SORPU og á 9., 11. og 12. fundum Stefneuráðs byggðasamlaganna.

Á 48. eigendafundi SORPU bs., hinn 1. júlí 2024, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

#### **2309018 - Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga**

Framhald umræðu frá fyrri eigendafundum en á 47. eigendafundi var eftirfarandi bókað í fundargerð vegna málsins: "Stjórn Sorpu vinnur áfram að málinu og formar tillögur um framtíðarrekstrarform Sorpu bs. og einstakra verkefna þess til að leggja fyrir ESA. Áður verður farið yfir málið gagnvart stefnuráði og tillögur stjórnar Sorpu teknar til afgreiðslu þar."

Unnin hefur verið tillaga að næstu skrefum málsins.

Lagt er til að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs. verði flutt í félag/lög með takmarkaðri ábyrgð eigenda sbr. bréf LMG lögmanna til ESA, dags. 19. júní 2024. Markmiðið er að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA er varðar ríkisstyrk sem Sorpa bs. hefur notið í formi tekjuskattsundanþágu.

Haraldur Flosi Tryggvason kynnir.

#### ***Niðurstaða fundar:***

*Eigendavettvangur samþykkir að vísa fyrirliggjandi tillögu til umræðu og afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna að fenginni afgreiðslu stefnuráðs. Sorpu bs. er falið að kynna málið nánar samkvæmt óskum aðildarsveitarfélaga.*



Framangreint var þá tekið fyrir á 12. fundi Stefnuráðs byggðasamlaganna hinn 14. ágúst sl. og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

**2309018- Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamлага**

Framhald frá umræðum 11. fundar. Fyrir liggur tillaga að efnislegum grundvelli ákvörðunar stjórnar ESA sem felur það í sér að efnahagsleg starfsemi Sorpu verði flutt í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda. Um er að ræða móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi, gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi og urðunarstað í Álfsnesi.

Tillagan sem lögð er fram til samþykktar stefnuráðs er því sú að efnahagsleg starfsemi Sorpu, sbr. framangreint, verði flutt í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda.

Haraldur Flosi Tryggvason kynnir.

**Niðurstaða fundar:**

*Stefnuráð byggðasamlaganna fellst fyrir sitt leyti á að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs. samkvæmt framangreindri skilgreiningu verði færð í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda með það að markmiði að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA og að tillögu þess efnis verði vísað til afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að innleiðingu verði lokið um áramótin 2025-2026.*

*Vinnu stefnuráðs varðandi framtíðarstefnumótun Sorpu bs. og úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu er ólokið. Áréttað er að samþykkt framangreinds bindur ekki hendur eigenda við frekari stefnumótun, þ.á.m. varðandi breytingar á rekstrarformi Sorpu bs. kjósi þeir svo.*  
*Samþykkt*

**Beiðni um afgreiðslu:**

Er samkvæmt framansögðu farið fram á að ofangreint verði tekið til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins. Frekari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi gögnum, en á þessu stigi er þess óskað að farið sé með þau sem trúnaðargögn.

Upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélagsins berist í netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is), eigi síðar en 6. september nk. en þess er óskað að afgreiðslu verði hraðað svo sem kostur er.

Beiðnir um frekari upplýsingar og kynningu á ofangreindu berist Lovísu Jónsdóttur ritara vinnuhóps SORPU bs. um málið í netfangið [lovisa.jonsdottir@sorpa.is](mailto:lovisa.jonsdottir@sorpa.is).

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

**Meðfylgjandi:**

Trúnaðarmál: Tillaga og greinargerð vegna ESA máls 81738 ásamt viðaukum